


## Dagskrá Iðunnar haustið 2015

Í haust 2015 verða kvæðalagaæfingar og félagsfundir á þessa leið:

| Kvæðalagaæfingar | Félagsfundir |
|------------------|--------------|
| 7. október       | 9. október   |
| 7. nóvember*     | 6. nóvember  |
| 2. desember      | 4. desember  |

Allir félagsfundir hefjast stundvíslega kl. 20:00 og lýkur kl. 22:30. \*Vakin er athygli á að kvæðalagaæfingarnar í október og desember verða á miðvikudögum að venju og hefjast klukkan 19:00 en í nóvember verður sú nýbreytni að hafa æfinguna á laugardegi, þann 7. kl. 14:00. Verður hún fyrir fjölskyldufólk með börn og alla sem vilja koma. Þá verða kveðnar og kenndar ýmsar barnagælur.

Félagar eru hvattir til að mæta á sem flesta fundi og ekki gleyma æfingunum því þar geta menn kynnst betur innviðum félagsins og sögu. Einnig eru félagar hvattir til að taka með sér gesti, bæði á fundi og æfingar, því fundir Iðunnar eru öllum opnir. Starfsemi félagsins fer fram í Gerðubergi.



Iðunnarfélagar eru hvattir til að senda upplýsingar um netföng sín til Höskuldar Búa ([hoskibui@gmail.com](mailto:hoskibui@gmail.com)) eða Rósu ([rosat@hi.is](mailto:rosat@hi.is)) og fá fréttabréfið á stafrænu formi til að spara pappír og póstburðargjöld.



# FRÉTTABLAÐ IÐUNNAR

122. tölublað – 36. árgangur  
Útgefandi: Kvæðamannafélagið Iðunn

Ágúst 2015  
Ábm: Bára Grímsdóttir

## Heiðmerkurfundurinn 2015

15. júní síðastliðinn mættu í 28 Iðunnarfélagar, gestir þeirra og hundurinn Hruni í skógarlund félagsins við Grunnuvötn í Heiðmörk. Veður var í kaldara lagi, en fólk yljaði sér á heitu kaffi, gæddi sér á kleinum og öðru góðu meðlæti og samkveðskapurinn ómaði um svæðið.

Vígður var skjöldur sem settur hefur verið í lundinn þar sem saga skógræktar Iðunnar er skráð í stuttu máli. Af því tilefni var flutt dagskrá til að heiðra minningu þeirra Iðunnarfélaga sem ýttu skógræktaráttakinu úr vör árið 1991. Rósa Þorsteinsdóttir las upp grein eftir Ingimar Halldórsson sem rekur þessa sögu. Bára Grímsdóttir kvað vísur eftir Magneu Halldórsdóttur sem átti fyrst hugmyndina að skógræktinni. Steindór Andersen kvað vísur eftir Orm Ólafsson og Ingimar Halldórson kvað vísur eftir Ólaf Runólfsson. Einnig var Úlfars Þorsteinssonar minnst, en hann, Ormur og Ólafur voru þá í stjórn Iðunnar.

Nú eru 25 ár síðan hugmynd að skógrækt Iðunnar kom fyrst fram. Félagið fékk reitinn í Heiðmörk afhentan ári síðar og fyrsta gróðursetning hófst 13. júní sama ár. Síðan hafa Iðunnarfélagar hist þar ár hvert þann 15. júní og notið samvistar á góðri stund. Steindór Andersen fær bestu þakkir fyrir að setja upp skjöldinn og koma honum fyrir á góðum stað í lundinum. Einng fær Haraldur Haraldsson bestu þakkir fyrir að mála stöpulinn sem hann stendur á og að smíða, mála og halda við bekkjum og borðum í þessum dásamlega og fallega skógarlund. Myndir frá fundinum má sjá á fjésbókinni og heimasíðu Iðunnar.

## ***Haustferð Iðunnar 5. september 2015***

Lagt verður af stað frá BSÍ kl. 08:00 og ekið sem leið liggur til Eyrarbakka. Þar verða söfn skoðuð og gengið um staðinn undir leiðsögn. Hádegismatur (humarsúpa og brauð) verður snæddur á veitingastaðnum Við fjöruborðið á Stokkseyri. Áfram verður ekið austur að Þjórsá og staldrað við við Urriðafoss, en síðan ekið upp Landveg og niður Þjórsárdal. Á leiðinni verður nestisstopp á vel völdum stað, þannig að ferðalangar þurfa að hafa með sér síðdegisnesti. Heimleiðin liggur svo um Flúðir og Reykholt með viðkomu í gróðurhúsi. Boðið verður upp á hlaðborð með lambakjöti og kjúklingum í veitingahúsinu Eldhúsinu á Selfossi um kl. 19:00 og áætlað að koma aftur að BSÍ um kl. 21:30.

Verð er 8.000 kr. og í því er innifalið rúta, hádegis- og kvöldmatur, leiðsögn um Eyrarbakka og Stokkseyri og aðgangseyrir að söfnum.

Þátttaka tilkynnist til formanns ferðanefndar, Guðna Sig. Óskarssonar, í netfangið [gudnisigosk@gmail.com](mailto:gudnisigosk@gmail.com) eða í síma 8461604, fyrir 1. september.

### ***Félagi kvaddur***

Bjarni Valtýr Guðjónsson lést 28. júní síðastliðinn. Hann var fæddur á Svignaskarði í Borgarfirði 17. febrúar 1929, en flutti eins árs gamall með foreldrum sínum að Svarfhóli á Mýrum, ólst þar upp og átti heima til ársins 1977 að hann fluttist til Borgarness. Þar hóf hann störf hjá Kaupfélagi Borgfirðinga og starfaði þar til sjötugs. Bjarni Valtýr var organisti í kirkjunum á Staðarhrauni, Ökrum, Álftártungu, Álftanesi og að Borg til dauðadags. Hann lék fyrst á Staðarhrauni árið 1943 við sína eigin fermingu og gegndi því organistastarfinu í 72 ár.

Margir Iðunnarfélagar minnst með gleði söngvakanna sem Bjarni Valtýr stóð fyrir um árabíl. Hann gaf út fjórar ljóðabækur, tvær frumsamdar sögur og nokkrar þýðingar á erlendum skáldsögum. Bjarni Valtýr var mjög áhugasamur um ýmis félagsstörf og sat í stjórnnum og starfaði að framgangi fjölda félaga og félagasamtaka.

Bjarni Valtýr varð félagi í Iðunni í nóvember 1993 og tók alla tíð mikinn þátt í starfi félagsins. Hann tók fljótlega sæti í stjórn og gegndi embætti gjaldkera í samtals 15 ár, til ársins 2013. Skömmu eftir að Bjarni Valtýr lét af embættinu var hann verðskuldað gerður að heiðursfélagi Iðunnar.

#### ***Ýmsar vísur eftir Bjarna Valtý:***

##### *Æska*

Æska skynjar töfratón,  
tíðum fagnar degi.  
Hugur eygir sigursjón,  
sælu á lífsins vegi.

##### *Miður aldur*

Hálfnaður þá aldur er  
ýmsir takti breyta,  
missa trú á sjálfum sér,  
sigrá hinir leita.

##### *Elli*

Elli gefst á ýmsa lund,  
ótal þræðir vakna.  
Ávaxti menn eigið pund  
einskis þarf að sakna.

##### *Rím*

Skringilegur skáldatími  
skapast við minn orðaglaum.  
Ef ég sleppti öllu rími  
ósköp teldist vísan naum.

Stuðlar mynda tónsins takt,  
traust sú orðamyndin.  
Röðun skapar reginmakt,  
rím er beinagrindin.

Yrkja vildi ef ég gæti  
óðarstefin hrein.  
Nú er haustið sest í sæti  
sitt á tímans grein.

##### *Á leið til Laka*

Ein má stakan óma nú  
yfír spaka liðið.  
Brátt skal aka í óskatrú  
inn á Laka-sviðið.

##### *Í þokudruna*

Birta er meðal bestu gjafa,  
blæþýð gola, varla svöl.  
Þó við megum þetta hafa,  
það er ekki á mörgu vól.

##### *Hjá Gullfossi*

Ber sinn prúða ljóssins lit,  
léttum úða kafinn.  
Eins og brúður gulls með glit  
geislaskrúði vafinn.

Fönnin gljúpa finnst mér oft  
firna djúp í spori.  
Veðrahjups er léttast loft  
loks má krjúpa vori.